



Alþingi, nefndasvið

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari nefndarsviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Umsögn um mál 111 – frvp. til laga um breytingu á íþróttalögum, nr. 64/1998

Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) vill fagna því að ákveðið sé að innleiða skilmála UNESCO sáttmálans frá 2005 um skuldbindingar um að lyfjaeftirlitsreglur WADA séu leidd í lög hér á landi.

Frjálsíþróttahreyfingin og þá sérstaklega, Alþjóðlega frjálsíþróttasambandið (IAAF eða International Association of Athletic Federations) hefur verið í fararbroddi baráttu gegn ólöglegri lyfjanotkun í íþróttum og auknum kröfum til íþróttamanna og ekki síst fræðslu.

Varðandi einstaka efnispætti frumvarpsins vill Frjálsíþróttasambandið vekja athygli á nokkrum atriðum:

- Tryggja verður á fjárlögum hvers árs að nægjanlegt fullnægjandi fjármagn verði veitt til lyfjaeftirlits til að einstakar íþróttageinar geti uppfyllt skilyrði aðildar að alþjóðlegum samböndum. Sem dæmi eru gerðar kröfur til FRÍ um að lyfjapróf séu framkvæmd á að a.m.k. einu af helstu mótum sambandsins árlega. Einnig gerir FRÍ þá kröfu að sé Íslandsmet sett, fari viðkomandi íþróttamaður í lyfjapróf, áður en met er staðfest. Þá eru gerðar kröfur til FRÍ af IAAF um að próf fari fram utan keppni, en hingað til hefur FRÍ átt í mjög góðu samstarfi við Lyfjaeftirlit ÍSÍ um þessi mál og önnur og FRÍ getað uppfyllt sínar kröfur hingað til.
- Skv. 2. mgr. 21. gr. er heimilað að semja við þar til bærán aðila um framkvæmd lyfjaprófa. Fyrirvari er full stuttur til að einhver getið undirbúið og tekið að sér framkvæmd lyfjaeftirlits og fræðslu í landinu, m.v. að lögin taki gildi 1. janúar nk. Nauðsynlegt er að aðkoma íþróttahreyfingarinnar að framkvæmd lyfjaeftirlits og fræðslu sé tryggð með öruggum hætti, þó svo að utanaðkomandi aðila verði falin framkvæmd eftirlitsins.
- Heppilegt getur verið að koma á sérstakri stofnun sem sér um lyfjaeftirlit og er ekki sett beint undir stjórn íþróttahreyfingarinnar stjórnskipulega séð, til að tryggja sjálfstæði prófana og vinnuferla. Slík stofnun yrði á ábyrgð ráðherra, en með aðild íþróttahreyfingarinnar. Víða erlendis er lyfjaeftirlit í höndum sjálfstæðra stofnana, óháðum íþróttahreyfingunni, en með aðkomu hennar samt og ríkisins. Lyfjaeftirlitsmönndum (Doping Control Officer eða DCO) á vegum slíktra stofnana er iðulega falin verkefni á vegum alþjóðlegra samtaka vegna stórmóta. Slík tækifæri eru heppileg fyrir okkar lyfjaeftirlitsmenn bæði til að skapa alþjóðleg tengsl, en einnig til að öðlast reynslu og þekkingu.

- Tryggja verður í lögunum að einstakar íþróttagreinir (sársambönd) geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart alþjóðlegum samböndum um upplýsingar vegna brota á lyfjareglum ÍSÍ, IOC og alþjóðlegra sambanda. FRÍ er sem dæmi, skuldbundið til að tilkynna IAAF um hvert og eitt brot samstundis og að það er ljóst. Einnig, í tilfalli FRÍ a.m.k., er sambandið skuldbundið til að senda málskjöl og niðurstöður dóms til IAAF, sem getur tekið ákvörðun um lengra bann innan íþróttarinnar en dómstóll viðkomandi lands. Slíkan úrskurð er síðan að sjálfsgöðu hægt að áfrýja til CAS (Court of Arbitration in Sports).
- Mikilvægt er að lyfjaeftirlit nái einnig út fyrir hina hefðbundnu íþróttahreyfingu. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er talið að umtalsvert magn af ólöglegum lyfjum, skv. bannlista WADA, sé í umferð hér á landi. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem margir einstaklingar innan hinnar hefðbundnu íþróttahreyfingar stunda æfingar í einkareknum líkamsræktarstöðvum og eru án eftirlits. Einnig eru skólaíþróttir undanþegnar eftirliti skv. núverandi fyrirkomulagi. Hvorugt er ásættanlegt.
- Mikilvægt er að nöfn þeirra sem hafa verið dæmdir brotlegir við lög t.d. vegna lyfjagjafar (administration), sölu eða dreifingu ólöglegra efna, skv. lista WADA, sé borin saman við iðkendalista hjá ÍSÍ og viðkomandi sársamböndum sé tilkynnt um slík brot. Hjá IAAF sem dæmi geta jafnvel þyngri refsingar verið fyrir slík brot, en vegna notkunar sjálfrar.
- Leggja verður mikla áherslu á aukna á fræðslu. Víða erlendis er komin góð reynsla á fyrirbyggjandi aðgerðir. Í Svíþjóð er t.d. dæmis stofnun sem heitir Ren idrott eða "Hrein íþrótt" og hefur það að markmiði að allt íþróttafólk og almenningur reyndar líka, sé meðvitað um skaðsemi og hættur ólöglegra lyfja. Búin hafa verið til próf fyrir íþróttafólk á vegum IDTM í Svíþjóð um þekkingaratriði bæði vegna lyfjaprófa og skaðsemi ólöglegra lyfja. Próftakendur geta síðan fengið viðurkenningu fyrir að hafa staðist prófið og eru á lista yfir þá sem lýsa sig hreina gagnvart lyfjanoktun.

Frjálsíþróttasambandið áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum afgreiðslu þessa máls.

f.h. ERÍ

Jónas Egilsson,
Frjálsíþróttasamband Íslands
formaður.

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/114
komudagur 12.10.2012



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. október 2012
1210003 HK

Efni: Umsögn ÍSÍ á 111. máli, frumvarpi til laga um íþróttalög (lyfjaeftirlit)

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á íþróttalögum er varða lyfjaeftirlit í íþróttum. Eins og fram kemur í athugasemdum er fylgja lagafrumvarpinu var leitað til ÍSÍ við vinnslu lagafrumvarpsins. Hefur ÍSÍ ekki efnislegar athugasemdir við lagafrumvarpið, en telur jákvætt að loksins sé verið að styrkja lagaramma og stuðla að framþróun í baráttunni gegn lyfjamisnotkun hér á landi. Eru hins vegar nokkur atriði sem ÍSÍ vill leggja áherslu á í tengslum við framgöngu málsins og þá sérstaklega umsögn fjárlagaskrifstofu er því fylgir.

Skilmerkilega er farið yfir þær alþjóðlegu skuldbindingar er íslenska ríkið hefur gengist undir í athugasemdum er því fylgja. Þar er einnig tilgreint hvernig þeim aðila er tekur að sér umsjón með lyfjaeftirlitsmálaflokknum er ætlað enn víðtækara hlutverk í baráttunni gegn lyfjamisnotkun tengdri íþróttaiðkun og samfélaginu í heild því ljóst er að misnotkun þessara efna er umtalsverð utan skipulegs íþróttastarfs. Í því samhengi vill Íþrótt- og Ólympíusambandið benda á mikilvægi þess að auknar fjárheimildir fylgi lagabreytingunni. Eins og staðan er núna er starfsmaður í hálfu stöðugildi sem sinnir málaflokknum. Strax væri framför að hafa starfsmann í fullu starfi, helst þyrfti 2-3 stöðugildi. Ef fjölga á lyfjaprófum er fljótt um verulegar upphæðir að ræða, raunkostnaður við hvert lyfjapróf er nálægt 50 þúsund krónum. Miðað við þann niðurskurð er orðið hefur á fjárlögum til Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands á undangengnum árum teljum við ekki hægt að ætlast til að framlag þeirra til starfsemi lyfjaeftirlitsins sé í öðru en þjónustu og mögulega aðstöðu. Eins verðum við að telja hæpið að útseld þjónusta stofnunarinnar geri meira en rétt að standa undir kostnaði við veitta þjónustu.

Í fjárlagafrumvarpi komandi árs eru enn skorin niður fjárframlög til lyfjaeftirlitsins, að þessu sinni er gert ráð fyrir 11,6 m.kr. framlagi til lyfjaeftirlitsmálaflokksins á Íslandi. Ef tekið er mið af því hversu hátt hlutfall útlagðs kostnaður er í erlendri mynt (vegna greiningar á sýnum er verður að fara fram á vottaðri rannsóknarstofu, erum með samning við sænska rannsóknarstofu) hefur niðurskurður til málaflokksins í raun orðið enn meiri en ella.

Eitt af því sem bent hefur verið á í lengri tíma er nauðsyn þess að sterum og skyldum efnum verði bætt í ávana- og fíkniefnalöggjöf. Við það myndi staðan gerbreytast frá því sem nú er og um leið verða saknæmt að flytja inn, dreifa, selja og hugsanlega neyta slíkra efna. Því miður er það svo meðan lagaramminn er eins og hann er nú að lítil áhersla er lögð á upprætingu innflutnings og dreifingar á vefaukandi efnum. Þrátt fyrir að löggæslu og tollayfirvöld verði áþreifanlega vör við að mikið magn af efnunum er í umferð með öðrum fíkniefnum.


Ráðgjafarnefnd Lyfjaeftirlitsnefndar Evrópuráðsins heimsótti Ísland á árinu 2007. Í framhaldinu gerði hún tillögur að ýmsum atriðum er hún taldi betur mættu fara hér á landi. Í framhaldinu var settur á laggirnar starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins með fulltrúum ráðuneytisins og ÍSí. Starfshópurinn gerði það að tillögu sinni að stofnuð yrði sjálfstæð eining sem fengi víðtækari heimildir en nú er og gæti betur stuðlað að því að ríkið uppfylli þær skyldur sem það hefur undirgengist. Í umsögn með frumvarpinu kemur fram að útvíkkun á framkvæmd lyfjaeftirlits og fræðslu tilhanda hópa og starfs sem er utan ÍSí verði hluti af starfseminni í framtíðinni og þarf að tryggja að þessi aukna ábyrgð verði studd með auknum fjárfraðslögum. Benda má á rannsókn sem gerð var hér á landi 2004 þar sem fram kemur að 1.6% drengja sem svöruðu rannsókninni hafði notað anabólíska stera. Í þessu samhengi má líka benda á að á undanförunum 3-4 árum hefur tollgæslan og lögregla gert margfalt meira af þessum efnum upptæk en á árinu 2004 og má því búast við að þessi tala sé búinn að hækka frá því rannsóknin var gerð (Thorlindsson and Halldorsson, Substance Abuse Treatment, Prevention, and Policy 2010 www.substanceabusepolicy.com/content/5/1/32).

Er það ósk ÍSí að lagafrumvarp þetta fái skjóta og góða meðferð í þinginu svo hægt sé að fara að ganga frá framtíðar fyrirkomulagi málaflokksins hér á landi og að sú barátta sem framundan er við að hefta útbreiðslu óæskilegra efna og áhrifa á ungt fólk í samfélaginu hefjist af krafti í nýrri stofnun. Er það eindregin ósk okkar að þetta skref verði stigið af myndarskap og þeir fjármunir fylgi sem nauðsynlegir eru.

Ef nánari upplýsinga er þörf, vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Með bestu kveðju,

ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS



Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

Nefndarsvið. Ípróttalög,(lyfjaeftirlit) mál 111.

Landsamband hestamannafélaga(LH) gerir ekki athugasemdir við þessa breytingu á fyrirkomulagi við lyfjaeftirlit. LH gerir hins vegar þá kröfu til Alsherjar- og menntamálanefndar Alþingis að hún tryggi að þessum breytingum fylgi til Mennta-og menningarmálaráðuneyti nægt fjármagn til þess að hægt verði að efla allt kynningar og fornvvarnarstarf gegn lyfjamisnotkun til muna .

LH vill minna á að lagðar eru skildur á LH vegna lyfjaeftirlits við mótahald sem hafa kostnað í för með sér. Því er nauðsynlegt að ríkið uppfylli þær alþjóðaskuldbindingar sem það gengst undir þannig að sómi sé af, og ekki komi til aukins kostnaðar sérsambanda vegna þessara breytingar.

f.h. Landsambands Hestamannafélaga,

Haraldur Þórarinsson formaður.